

## GJALDSKRÁ

### fyrir stofngjald fráveitu og fráveitugjald í Vesturbyggð.

#### 1. gr.

Sveitarfélagið Vesturbyggð innheimtir gjald fyrir fráveitu í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 776/2003 um fráveitur í Vesturbyggð.

#### 2. gr.

Stofngjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengjast fráveitu í eigu Vesturbyggðar. Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir á hverja tengingu:

<i>Tegund byggingar</i>	<i>Grunngjald</i>	<i>m<sup>3</sup>-gjald</i>	<i>Athugasemd</i>
A. Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta	71.549 kr.	48 kr.	af umfram 400 m <sup>3</sup>
B. Iðnaðar-, atvinnu- og annað húsnæði	95.398 kr.	48 kr.	af umfram 400 m <sup>3</sup>

Stofngjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, 136,1 stig í desember 2017 og breytist hverju sinni til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

#### 3. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Vesturbyggð eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem fráveita hefur verið lögð í ber að greiða árlegt fráveitugjald til sveitarsjóðs.

Upphæð fráveitugjaldsins ákvarðast af bæjarstjórn Vesturbyggðar árlega við álagningu fasteignagjalda og er nú 0,40% af fasteignamati íbúðarhúsa og -lóða og 0,40% af fasteignamati annars húsnæðis og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976 með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðast ekki fráveitugjöld.

#### 4. gr.

Fráveitugjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið nýtur aðfararheimildar skv. 3. ml. 16. gr. laga nr. 9/2009, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni gjaldskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Fráveitugjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö árin eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

#### 5. gr.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar getur samþykkt að fella niður eða lækka fráveitugjald hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt heimild í 4. mgr. 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009.

#### 6. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og greiðist með fasteignasköttum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir stofngjald fráveitu og fráveitugjald í Vesturbyggð nr. 1138/2016.

*Vesturbyggð, 8. desember 2017.*

**Ásthildur Sturludóttir** bæjarstjóri.